

## Aðalfundur Lagnafélags Íslands

<b>Fundarefni:</b>	Skv. dagskrá fundar		
<b>Fundardagur:</b>	29.04.2015	<b>Fundartími:</b>	17.00 – 19.00
<b>Fundarstaður:</b>	Danfoss, Skútuvoði 6, Reykjavík	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur

1. Setning fundar.

Sveinn Áki, formaður félagsins setti fundinn. Áki ræddi um ástand mála með Lagnakerfamiðstöð Íslands. Tækniskólinn hefur sett kröfu um að húsið verði rýmt innan skamms tíma, annars verði búnaði þar inni fargað.

Lagnafélagið hefur eins og kunnugt er að leitað til Iðunnar, Fræðsluseturs um að taka við loftræsisamstæðum, en setrið hefur fram að þessu tekið pípulagnahlutann úr Lagnakerfamiðstöðinni. Búið er að reyna gera Iðunni grein fyrir mikilvægi þessa og verðmætum sem þarna þarf að bjarga og nýta við til kennslu. Áki er í samskiptum við Iðunna vegna þessa.

2. Kosning fundarstjóra.

Áki tilnefndi Þórð Búason sem fundarstjóra og hlaut hann þá kosningu.

3. Kosning fundarritara.

Fundarstjóri tilnefndi Kristján Odd Sæbjörnsson sem ritara og hlaut hann þá kosningu.

4. Lögmæti fundarins.

Boðað var til fundarins með löglegum fyrirvara.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar.

Kristján Oddur fór yfir fundargerð síðasta aðalfundar og voru engar athugasemdir gerðar.

6. Skýrsla stjórnar LAFÍ.

Framkvæmdarstjóri félagsins Kristján Ottósson flutti skýrslu stjórnar. Fór hann yfir það sem félagið stendur fyrir og hvaða starfi það gegnir. Félagið stendur að útgáfu Fréttabréfa, Lagnafrétta, ráðstefna og rekstri Gæðamatsráðs, Viðurkenningarnefndar auk þriggja fagraða. Framkvæmdarstjóri ræðir reglulega við menn í síma og á árinu voru Fréttabréf 122, 123 og 124 gefin út. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er eins og fyrir Kristján Ottósson. Þá stóð félagið að vel heppnaðri ráðstefnu um Brunavarnir í Loftræsikerfum, sem sjá má í Fréttabréfi 124.

Í stjórn félagsins síðastliðið starfsár hafa setið Sveinn Áki Sverrisson VSB, Kristján Oddur Sæbjörnsson Lagnatækni, Jón Guðmundsson MVS, Birgir Hólm Iðunni, Gunnar Sigurðsson rafvirki, Guðmundur Páll Ólafsson formaður Félags

pípulagnamanna og Helgi Pétursson Ísloft.

Stjórnarfundir hafa verið haldnir með reglulegu millibili, 8 talsins, frá síðasta aðalfundi. Auk þess ræðir framkvæmdarstjóri mikið við menn beint og þannig eru mörg smærri mál afgreidd.

Sett hefur verið inn á vefinn eitt blað af Lagnafréttum á starfsárinu sem eru niðurstöður frá ráðstefnu sem haldin var hér á Íslandi 1997 – „Cold Climate HVAC '97“.

Heimasíða félagsins hefur verið styrkt með ýmsu efni er snertir félagið. Fundargerðir, bæði frá stjórnarfundum og fundum fagráða er að finna þar. Það er áskorun til okkar manna að senda inn greinar til birtingar á heimasíðu félagsins. Þar er hægt að lesa um það sem fagráðin eru að fjalla um hverju sinni, og senda inn ábendingar og fyrirspurnir.

Skrifstofa félagsins er rekin á heimili framkvæmdarstjóra eins og frá stofnun þess og þar eru málefni láta ráða hvenær og hvað lengi sólarhringsins skrifstofan er opin. Gott samstarf hefur verið milli Mannvirkjastofnunar og Lagnafélagsins en í stjórn félagsins situr fulltrúi stofnunarinnar, Jón Guðmundsson.

Stjórn Lagnafélagsins bauð Húsfélagi Árskóg 6-8 í Reykjavík, sem eru 102 íbúðir, upp á námskeið fyrir félagsmenn sína í þjálfun og skoðun á tækjum og virkni þeirra í ofnhita-, neysluvatns- og loftræsikerfum. Leiðbeinandi var Kristján Ottósson og kann stjórnin honum þakka fyrir það.

Nú eru liðin sex ár síðan Tækniskólinn tók við Lagnakerfamiðstöð Íslands til reksturs. Skólinn hefur ekki staðið við neitt sem þeir sögðust ætla að gera – ekki einu sinni þrifið gólfín.

Framkvæmdastjóri félagsins þakkar þeim mörgu sem komið hafa að störfum fyrir félagið á árinu ásamt því að þakka stjórn félagsins fyrir gott samstarf.

### 6.1 Skýrsla fagráða

a) Gæðamatsráð. Egill Skúli Ingibergsson sagði fundarmönnum að engin mál hefðu komið inn á borð ráðsins. Málin koma öllu jöfnu í gegnum framkvæmdastjóra félagsins en hann hefur náð að afgreiða þau sjálfur. SÁS sagði stuttlega frá máli sem KO hafði vísað til hans og þá minntist KO á nokkur mál.

### 6.2 b) Viðurkenningarnefnd.

Þórður Búason ræddi um stækkunina á Lýsi, sem fékk lofsvert lagnaverk á síðasta ári. ÞB ræddi um mikilvægi þessarar viðurkenningar og einnig um ábyrgð eiganda skv. nýrri Byggingarreglugerð.

### 6.3 c) Fagráð loftræsikerfa. Ekki flutt í fjarveru Kjartans Mar.

6.4 d) Fagráð pípulagnakerfa.

Böðvar Ingi Guðbjartsson flutti erindi pípulagnaráðsins. Hann er nýr formaður fagráðsins en hann er pípulagnameistari og kennari í pípulögnum. Haldinn hefur verið 1 fagráðsfundur og annar óformlegur fundur. Böðvar ræddi um mikilvægi fræðslu og telur vanta vitundarvakningu meðal almennings.

Sem dæmi geri almenningur sér ekki oft grein fyrir þeim réttindum sem hann hafi gagnvart fasteignum sem hann kaupir. Í dag er t.a.m. reglur um að handbók eigi að fylgja byggingum og þá ræddi hann um mikilvægi reglubundins viðhalds á kerfunum. Félag pípulagnameistara eru að skrifa bréf sem sent verður út til Byggingarfulltrúa landsins um að iðnmeistarar verði kallaðir til við lokaúttekt. Þá kom Böðvar með þá hugmynd að meðlimir Lagnafélagsins myndu til skiptis skrifa greinar ætlaðar almenningi.

6.5 e) Fagráð stjórnkerfa.

Ekki flutt í fjarveru Gunnars Sigurðssonar.

7. Reikningar félagsins.

Sveinn Áki fór yfir reikninga félagsins í fjarveru Birgis Hólm, gjaldkera þess.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Félagið er vel rekið og engar athugasemdir gerðar við skýrslu stjórnar né reikningana.

9. Ákvörðun um félagsgjald. KO lagði til að félagsgjaldið, sem staðið hefur í stað í fjölda ára, verði hækkað úr 3.000 í 4.000 kr. Tillagan var samþykkt.

10. Kosning stjórnar.

- a) Kosning formanns. Sveinn Áki Sverrisson var tilnefndur og hlaut hann þá kosningu.
- b) Kosning stjórnarmanna. Tilnefndir voru: Jón Guðmundsson, Gunnar Sigurðsson, Birgir Hólm Ólafsson, Kristján Oddur Sæbjörnsson, Helgi Pétursson, Böðvar Ingi Guðbjartsson

11. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga. Tilnefndir voru:

Egill Skúli Ingibergsson og Valdimar K. Jónsson. Friðrik S. Kristinsson var tilnefndur til vara.

Hlutu þeir allir kosningu.

12. Önnur mál. Engin.